

Eco-Garden ehf.
Lambhagavegi 9
110 Reykjavík

Selfossi, 15. júlí 2025
UOS2505035/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði – Kröfur um úrbætur

Umhverfis- og orkustofnun vísar til bréfs dagsett þann 23.5.2025 þar sem tilkynnt var um eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram 26.5.2025.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi og merkingar, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur, reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna og reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Plöntuverndarvörurnar Dicotex / Dicophar SL, Express 50 SX, Primus og Conserve sem féllu undir umfang eftirlitsins, voru skoðaðar hjá fyrirtækinu og uppfylltu ekki kröfur sem settar eru fram í gildandi lögum og reglugerðum. Frávik frá gildandi reglum, sem fram komu í eftirlitinu, eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Eco-Garden ehf. frest til 5. ágúst 2025 til að senda stofnuninni:

- **Uppfærða merkimiða fyrir vörurnar Dicotex / Dicophar SL, Express 50 SX, Primus og Conserve til samþykktar hjá stofnuninni.**
- **Eftir að stofnunin hefur samþykkt uppfærslu merkimiðanna þarf að senda stofnuninni staðfestingu á að uppfærðum merkimiðum hafi verið komið fyrir á umbúðum fyrirliggjandi vörubirgða af tilteknum vörum.**

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, uos@uos.is, merkt málsnúmerinu UOS2505035.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Eco-Garden ehf. hér með frest til 5. ágúst 2025 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfis- og orkustofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur

gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmunum sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfis- og orkustofnunar með rökstuðningi fyrir 5. ágúst 2025.

Umhverfis- og orkustofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfis- og orkustofnunar innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [vefsíðu stofnunarinnar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 569 6000 eða í gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála